

Sp. 940. Tillaga til þingsályktunar [366. mál]
um rétt skil afurðasölufyrirtækja til bænda.

Flm.: Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að hlutast til um að afurðasölu- og verslunarfyrirtæki, sem ekki hafa á undanförunum árum staðið bændum full skil á grundvallarverði afurða, geri það nú þegar, ásamt vöxtum og verðbótum. Verði tregða á skilum hjá einhverju afurðasölufyrirtækjanna verði þeim bændum, sem sækja vilja rétt sinn fyrir dómstólum, veitt gjafsókn.

G r e i n a r g e r ð .

Eins og alkunna er hafa stór afurðasölufyrirtæki ekki staðið bændum skil á fullu grundvallarverði og haldið fjármunum þeirra í rekstri sínum lengri eða skemmri tíma. Þannig er áætlað að ógreitt sé til bænda frá árinu 1982 að réttum lögum um 100 milljónir króna, en ógerlegt er þó að fá ábyggilegar upplýsingar hjá „kerfinu“.

Bændur ber að aðstoða við að ná rétti sínum og að því hnígur tillaga þessi.